



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Breyting á samþykkt velferðarráðs frá 20. maí 2020 um rekstrarform áfangaheimilis*

Lagt er til að áfangaheimili fyrir konur að Njálsgötu sem fyrirhugað er að opni í maí 2022 verði rekið af velferðarsviði. Áætlaður kostnaður nemur 23,4 m.kr. á ári sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 20. maí 2020 var samþykkt að velferðarsviði yrði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu. Þann 29. maí sama ár samþykkti velferðarráð að óska eftir fjárheimild til borgarráðs fyrir rekstri áfangaheimilisins. Borgarráð samþykkti fjárveitinguna 20. ágúst 2020.

Stefnt er að því að áfangaheimili fyrir konur að Njálsgötu hefji rekstur í maí nk. en endurbætur hafa staðið yfir á húsnæðinu m.a. til að tryggja brunavarnir. Eins og fram hefur komið samþykkti velferðarráð 20. maí 2020 að auglýst yrði eftir samstarfsaðila um rekstur heimilisins. Óskað er eftir því að sú samþykkt verði endurskoðuð og þess í stað verði rekstur heimilisins á höndum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, a.m.k. fyrst um sinn.

Ráðgert er að áfangaheimilið Brautin, sem er fyrir karla og Njálsgatan verði samrekin, bæði til að tryggja hagkvæman rekstur en einnig til að tryggja sambærilega þjónustu og stuðning við konur og karla.

Reynslan af rekstri Brautarinnar sýnir mikilvægi þess að tengja endurhæfingar-áætlanir, s.s. Grettistak við tryggja búsetu. Það er mikilvægt að konur sem hafa lokið vímuefnaðferð og eru í bataferli fái sambærilegan stuðning. Markhópur áfangaheimilisins yrðu því konur sem eru virkir þátttakendur í endurhæfingaúrræðum.

Tillagan um rekstur áfangaheimilisins var jafnréttisskimuð þegar hún var lögð fram 29. maí 2020 og var ekki talin þörf á jafnréttismati.

Tillagan var jafnframt kostnaðarmetin 29. maí 2020 og veitti fjármála og áhættustýringasvið umsögn um kostnaðarmatið 6. júlí sama ár, sem var svo samþykkt í borgarráði 20. ágúst sama ár.

Fylgiskjöl:

Tillaga um rekstur áfangaheimilis fyrir konur dags. 20 maí 2020.

Tillaga um rekstur áfangaheimilis fyrir konur dags. 29. maí 2020.

Umsögn fjármála og áhættustýringarsviðs dags. 6. júlí 2020.

Jafnréttisskimun dags. 29. maí 2020.